

STJÓRNARTÍÐINDI C 2 — 1965

Nr. 9.

20

17. nóvember 1965.

AUGLÝSING

um breytingar á sáttmála hinna Sameinuðu þjóða.

Hinn 31. ágúst 1965 gengu í gildi breytingar á 23., 27. og 61. greinum sáttmála hinna Sameinuðu þjóða um fjölgun í Öryggisráðinu og Fjárhags- og félagsmálaráðinu.

Sáttmáli hinna Sameinuðu þjóða er birtur í Stj.tíð. A 91/1946, en sem fylgiskjal með auglýsingu þessari er orðalag framangreindra þriggja greina birt eins og það hljóðar nú eftir að þeim hefur verið breytt.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 17. nóvember 1965.

Emil Jónsson.

Agnar Kl. Jónsson.

Fylgiskjal.

SÁTTMÁLI HINNA SAMEINUÐU ÞJÓÐA

V. KAFLI Öryggisráðið.

Skipan.

23. gr.

1. Öryggisráðið skipa fimmtán meðlimir hinna Sameinuðu þjóða. Lýðveldið Kína, Frakkland, Sovétríkin, Sameinaða konungsríki Stóra-Bretlands og Norður-Írlands og Bandaríki Ameríku eiga fast sæti í öryggisráðinu. Allsherjarþingið kýs í öryggisráðið tíu aðra meðlimi hinna sameinuðu þjóða og eiga þeir þar eigi fast sæti, og skal í fyrsta lagi tekið tillit til þess, hversu meðlimir hinna Samein-

CHARTER OF THE UNITED NATIONS CHAPTER V. The Security Council.

Composition.

Article 23

1. The Security Council shall consist of fifteen Members of the United Nations. The Republic of China, France, the Union of Soviet Socialist Republics, the United Kingdom of Great Britain and Northern Ireland, and the United States of America shall be permanent members of the Security Council. The General Assembly shall elect ten other Members of the United Nations to be non-permanent members of the Security Council, due regard being specially paid, in the first

uðu þjóða hafa stuðlað að varðveizlu heimsfriðar og öryggis og unnið að markmiði bandalagsins að öðru leyti, og enn fremur til jafnrar dreifingar eftir hnattstöðu.

2. Meðlimir öryggisráðsins, sem ekki eiga þar fast sæti, eru kosnir til tveggja ára. Við fyrstu kosningar þessara meðlima eftir að þeim hefur verið fjölgað úr ellefu í fimmtán, skulu þó tveir þeirra fjögurra meðlima, sem um er fjölgað, kosnir til eins árs. Fráfarandi meðlim má eigi endurkjósa til næsta kjörtímabils.

3. Hver meðlimur öryggisráðsins hefur einn fulltrúa.

V. KAFLI

Öryggisráðið.

Atkvæðagreiðsla.

27. gr.

1. Hver meðlimur öryggisráðsins hefur eitt atkvæði.

2. Til ákvarðana öryggisráðsins í málum um fundarsköp þarf jákvæð atkvæði níu meðlima ráðsins.

3. Til ákvarðana í öllum öðrum málum þarf jákvæð atkvæði níu meðlima, að meðtöldum atkvæðum hinna föstu meðlima, þó með því skilyrði, að í ákvörðunum mála, sem nefnd eru í 6. kafla og í 3. lið 52. gr. skuli deiluaðili sitja hjá við atkvæðagreiðslu.

X. KAFLI

Fjárhags- og félagsmálaráðið.

Skipan.

61. gr.

1. Fjárhags- og félagsmálaráðið skipa 27 meðlimir hinna Sameinuðu þjóða, kjörnir af allsherjarþinginu.

2. Samkvæmt ákvæðum 3. liðs skulu 9 meðlimir í fjárhags- og félagsmálaráði kjörnir ár hvert til þriggja ára. Nú vikur

instance to the contribution of Members of the United Nations to the maintenance of international peace and security and to the other purposes of the Organization, and also to equitable geographical distribution.

2. The non-permanent members of the Security Council shall be elected for a term of two years. In the first election of the non-permanent members after the increase of the membership of the Security Council from eleven to fifteen, two of the four additional members shall be chosen for a term of one year. A retiring member shall not be eligible for immediate re-election.

3. Each member of the Security Council shall have one representative.

CHAPTER V.

The Security Council.

Voting.

Article 27

1. Each member of the Security Council shall have one vote.

2. Decisions of the Security Council on procedural matters shall be made by an affirmative vote of nine members.

3. Decisions of the Security Council on all other matters shall be made by an affirmative vote of nine members including the concurring votes of the permanent members; provided that, in decisions under Chapter VI, and under paragraph 3 of Article 41, a party to a dispute shall abstain from voting.

CHAPTER X.

The Economic and Social Council.

Composition.

Article 61

1. The Economic and Social Council shall consist of twenty-seven Members of the United Nations elected by the General Assembly.

2. Subject to the provisions of paragraph 3, nine members of the Economic and Social Council shall be elected each year for a term of three years. A retiring

meðlimur úr ráðinu og er þá heimilt að endurkjósa hann strax.

3. Við fyrstu kosningu eftir fjölgun meðlima í ráðinu úr 18 í 27 meðlimi skal, auk þeirra, sem kosnir eru í stað hinna 6 meðlima, er sæti eiga að víkja í lok þess árs, kjósa 9 meðlimi til viðbótar. Lýkur kjörtímabili 3 þeirra að ári liðnu og annarra 3 að tveim árum liðnum samkvæmt reglum, er allsherjarþingið setur.

4. Sérhver meðlimur fjárhags- og félagsmálaráðs skal hafa einn fulltrúa.

member shall be eligible for immediate re-election.

3. At the first election after the increase in the membership of the Economic and Social Council from eighteen to twenty-seven members, in addition to the members elected in place of the six members whose term of office expires at the end of that year, nine additional members shall be elected. Of these nine additional members, the term of office of three members so elected shall expire at the end of one year, and of three other members at the end of two years, in accordance with arrangements made by the General Assembly.

4. Each member of the Economic and Social Council shall have one representative.

AUGLÝSING

um viðskiptasamning við Tékkóslóvakíu.

Hinn 1. september 1965 var undirritaður í Reykjavík samningur um viðskipti milli Íslands og Tékkóslóvakíu fyrir tímabilið 1. október 1965 til 30. september 1966.

Samkvæmt vörulistum, sem nú hefur verið samið um, er gert ráð fyrir, að Ísland selji, eins og áður fryst flök, frysta síld, saltsíld, fiskimjöl, lýsi, fiskniðursuðu, auk fleiri vara. Frá Tékkóslóvakíu er m. a. gert ráð fyrir kaupum á vefnaðarvöru, skófatnaði, búsaðöldum, sykri, rúðugleri, járn og stálvörum, margs konar iðnaðarvélum og verkfærum, bílum, auk fleiri vara.

Jafnframt var gert samkomulag um breytingar á greiðslusamningnum frá 1960, sem miða að einfaldari greiðsluskriptum.

Samningarnir eru birtir sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 17. nóvember 1965.

Emil Jónsson.

Agnar Kl. Jónsson.

Fylgiskjal.

PROTOCOL

on the Exchange of Goods between the Republic of Iceland and the Czechoslovak Socialist Republic.

The Government of the Republic of Iceland and the Government of the Czechoslovak Socialist Republic, taking into consideration the implementation of the Trade Agreement between the Republic of Iceland and the Czechoslovak Socialist